

Frá: Þórður Ingólfsson <thoing@centrum.is>
Dagsetning: 19. ágú. 2021 23:09
Efni: Nýr reiðvegur hjá Búðardal
Til: Kristján Ingi Arnarsson <kristjan@dalir.is>
Afrit:

Sæll Kristján Ingi

Nú er ég að senda þennan póst fyrir hann Skjöld Orra Skjaldarson sem situr í reiðveganefnd Glaðs en Skjöldur lenti í útkalli í kvöld og gat ekki klárað að senda þetta erindi. Þannig er að Hestamannafélagið Glaður fær úthlutað fé til reiðvega á ári hverju en þessu fé er úthlutað til hestamannafélaga í landinu í samstarfi milli Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga. Nú háttar svo til að Glaður hefur fengið úthlutað um 2 milljónum króna sem er nálægt því að vera tvöföld sú upphæð sem fengist hefur á undanförunum árum. Brýnt er að framkvæma fyrir alla upphæðina fyrir áramót því fjárveiting sem ekki hefur verið framkvæmt fyrir í árslok fellur niður.

Okkar hugmyndir og áætlanir núna snúast um að gera nýjan reiðveg sem gefur hestamönnum kost á að ríða hring út frá hesthúshverfinu í Búðardal. Núverandi reiðvegur frá hverfinu að ristarhliði norðan við þorpið yrði hluti hringins en skömmu áður en að ristarhliðinu er komið yrði farið inn í stóra beitarhólfid austan þorpsins. Vegurinn myndi svo liggja meðfram (en Búðardalsmegin við) landamerkjagirðingu milli Hrapstaðalands og þorpslandsins í suður og myndi fylgja girðingum allt niður á reiðveginn sem liggur upp frá gamla reiðvallarsvæðinu og upp að hesthúsum. Með þessu móti yrði nýji reiðvegurinn að öllu leiti Búðardalsmegin við fjárgirðinguna. Í framtíðinni sjáum við svo fyrir okkur tengingu við áframhaldandi veg upp með Laxá. Þetta sést allt nánar á meðfylgjandi loftmynd þar sem búið er að teikna inn fyrirhugaðan reiðveg. Línur sem merktar eru A og B eru þær sem okkur langar að fara í að framkvæma nú á næstu vikum.

Með þessu eriindi erum við að óska eftir leyfi eða samþykki frá sveitarfélaginu fyrir þeirri framkvæmd sem hér hefur verið lýst. Vegna ofangreindra tímamarka þyrftum við að fá svar sem allra fyrst.

Með vinsemd og virðingu,

Þórður Ingólfsson,
fyrir reiðveganefnd Glaðs